

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um lofthæfi- og umhverfsvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja nr. 205/2007.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á fylgiskjali I við reglugerð um lofthæfi- og umhverfsvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja nr. 205/2007:

- a) Í ii-lið 1. mgr. b-liðar hluta 21A.204 falla niður orðin: Þessar upplýsingar skulu koma fram í flughandbók þegar viðeigandi lofthæfisreglur krefjast slíks fyrir viðkomandi loftfar.
- b) Í i-lið 2. mgr. b-liðar hluta 21A.204 falla niður orðin: Þessar upplýsingar skulu koma fram í flughandbók þegar viðeigandi lofthæfisreglur krefjast slíks fyrir viðkomandi loftfar.
- c) Viðauki A við reglugerð þessa kemur í stað viðauka VI við reglugerðina.

#### 2. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 335/2007 frá 28. mars 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1702/2003 um lofthæfi- og umhverfsvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2007, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun 1, um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. mgr. 28. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 29. febrúar 2008.*

**Kristján L. Möller.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## VIÐAUKI A

Til notkunar fyrir skráningarríki		<b>1. Skráningarríki</b>		3. Skjal nr.:	
<b>2. HLJÓÐSTIGSVOTTORÐ</b>					
4. Einkennisstafir:		5. Framleiðandi og tegundarheiti framleiðanda:		6. Raðnúmer loftfars:	
7. Hreyflar:			8. Skrófa: (*)		
9. Hámarksflugtaksmassi (kg)		10. Hámarksflendingarmassi (kg) (*)		11. Hljóðsstigs- vottunarstaðall:	
12. Breytingar sem gerðar hafa verið til að fullnægja viðeigandi hávaðareglum:					
13. Hljóðstig Hlið/fullt afl (*)	14. Aðflugs- hljóðstig (*)	15. Hljóðstig er flogið er yfir (í lítilli hæð) (*)	16. Yfirflugs- hljóðstig (í mikilli hæð) (*)	17. Flugtaks- hljóðstig (*)	
Athugasemdir					
18. Þetta hljóðsstyrksvottorð er gefið út í samræmi við I. bindi viðauka 6 við Chicago-samninginn dags. 7. desember 1944 og 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002, vegna ofangreinds loftfars, sem er talið hlíta nefndum hljóðstaðli þegar því er við haldið og starfrækt í samræmi við viðeigandi reglur og notkunartakmarkanir.					
19. Dagsetning útgáfu..... 20. Undirskrift.....					

EASA form 45

(\*) Kann að vera sleppt, háð hljóðstyrksvottunarstaðli.